

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2439/1999**2002/EES/12/08**

frá 17. nóvember 1999

um skilyrði vegna leyfis fyrir aukefnum í fòðri í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“ (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fòðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1636/1999 ⁽²⁾, einkum 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Komið hefur í ljós að kaólinleir úr tilteknum námum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi inniheldur díoxín í mjög miklu magni. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum gæti hér verið um mengun af jarðfræðilegum uppruna að ræða.
- 2) Samkvæmt 11. gr. tilskipunar 70/524/EBE er aðildarríki heimilt að afturkalla um tíma leyfi til að nota eitt þeirra aukefna, sem skráð eru í tilskipuninni, ef það telur ástæðu til að ætla, á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats fyrirliggjandi upplýsinga sem fram hefur farið frá því að núverandi ákvæði voru samþykkt, að notkun þessa aukefnis skapi hættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða umhverfið.
- 3) Nokkur aðildarríki hafa bannað notkun mengaðs kaólinleirs í forblöndum og fòðri.
- 4) Samkvæmt b-lið 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE skal því aðeins leyfa notkun aukefnis ef það, með tilliti til notkunarskilyrða, hefur engin skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið.
- 5) Notkun díoxínmengaðs fòðurs getur valdið mengun í matvælum úr dýraríkinu. Viðurkenndar alþjóðastofnanir flokka díoxín sem krabbameinsvald í mönnum. Þessar stofnanir mæla með því að gerðar verði ráðstafanir til þess að draga úr inntöku díoxíns með fæðu eins og frekast er unnt.
- 6) Fordast ber menguð aukefni eins og frekast er unnt.
- 7) Fullnaðaráhættumat getur ekki farið fram vegna skorts á fullnægjandi vísindagögnum. Með tilliti til þess að brýnna aðgerða er þörf til þess að koma í veg fyrir mengun fòðurs í óviðunandi mæli og meðan beðið er

niðurstaðna áætlunar um eftirlit með leir og áhættumatsins skal í öryggisskyni takmarka viðunandi díoxínmagn í kaólinleir við ákvörðunarmark við greiningu. Heimilt er að endurskoða þetta magn með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna, sem hafa verið gerðar, og niðurstöðum eftirlitsáætlunarinnar.

- 8) Mengun kaólinns, sem hefur fundist í Þýskalandi, gæti reyndar einnig varðað önnur aukefni sem er leyfilegt að nota sem bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni samkvæmt tilskipun 70/524/EBE þar eð einnig hefur komið í ljós að mótunarleir og setleir, sem innihalda önnur steinefni auk kaólinns og koma úr námu í Bandaríkjunum, eru mjög mengaðir í náttúrunni af díoxíni af jarðfræðilegum uppruna. Við hæfi er að rannsaka, innan ramma eftirlitsáætlunarinnar, hvort díoxín sé til staðar í öllum þessum leyfðu aukefnum. Eins og sakir standa ber aðeins að nota bráðabirgðahámarks magn fyrir kaólinleir þar eð ákvörðunarmark við greiningu mun gilda sem hámarks mark eftir nánar tiltekin tímamörk fyrir önnur aukefni en kaólinleir, uns sérstakt hámarks magn verður ákveðið, ef nauðsyn krefur, á grundvelli fullnægjandi gagna um tilvist díoxíns.
- 9) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fòður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað skilyrðanna fyrir því að heimila aukefnin í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, komi skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/524/EBE.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvæði þessarar reglugerðar til endurskoðunar fyrir 1. mars 2000 með hliðsjón af rannsóknum sem hafa verið gerðar og niðurstöðum eftirlitsáætlunarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 8, var nefnd í ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 17.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími
					mg/kg heilföðurs			
Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni								
E 330	Sítrónusýra	C ₆ H ₈ O ₇	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður. Ákvæðum g-liðar 1. mgr. 16. gr. hlítt	Án tímamarka
E 470	Natrium-, kalíum- og kalsíumsteröt	C ₁₈ H ₃₅ O ₂ Na, C ₁₈ H ₃₅ O ₂ K og C ₃₆ H ₇₀ O ₄ Ca Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 516	Kalsíumsúlfattvívetni	CaSO ₄ ·2H ₂ O Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	30 000	Allt fôður	Án tímamarka
E 551a	Kísilsýra, botnfeld og þurrkuð	— Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 551b	Kísill sem myndar sviðlausn	— Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 551c	Kísilgúr (vatnað kísiltvíoxíð, hreinsað)	— Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 552	Kalsíumsílikat, nýmyndað	— Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 554	Natríumálsílikat, nýmyndað	— Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 558	Bentónít-montmórellónít	— Hámarksdfoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	20 000	Allt fôður. Bannað er að blanda saman við aukefni úr flokkum „sýklalyfja“, „vaxtarhvata“, „hnislalyfja og annarra lyfja“ nema þegar um er að ræða natríummónensín, narasín, natríumlasalósíð, flavófosfólípól, natríumsalínómýsín, níkarbasín og róbenídín. Sérheiti aukefnisins komi fram á merkimiða	Án tímamarka

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími
					mg/kg heilföðurs			
E 559	Kaólinleir án asbests	Blöndur steinefna úr náttúrunni sem innihalda að minnsta kosti 65% samsett, vatnað ál með kaólinít sem aðalinnihaldsefni. Hámarksdíoxíninnihald: 500 µg WHOPCCD/F-TEQ/kg ⁽²⁾	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 560	Náttúrlegar blöndur steatíts og klóríts	Náttúrlegar blöndur steatíts og klóríts, án asbests: lágmarkshreinleiki blandanna 85%. Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 561	Vermikúlít	Náttúrulegt magnesíum-, ál og járnslíkat, hitaþanið, án asbests Hámarksdíoxíninnihald: 0,3 % Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 562	Sepíólít	Vatnað magnesíumslíkat, upprunnið úr seti, sem inniheldur að minnsta kosti 60% sepíólít og 30% montmórrillónít að hámarki, án asbests Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	20 000	Allt fôður	Án tímamarka
E 563	Sepíólítkenndur leir	Vatnað magnesíumslíkat, upprunnið úr seti, sem inniheldur að minnsta kosti 40% sepíólít og 25% illít, án asbests Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	20 000	Allt fôður	Án tímamarka
E 565	Lígnósúlföt	— Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 566	Natrólítfónólít	Náttúrleg blanda álsilíkata, alkálí-, jarðalkalí- og álhýdrósilíkata, natrólíts (43-46,5 %) og feldspats Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	25 000	Allt fôður	Án tímamarka

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími
					mg/kg heilföðurs			
E 598	Kalsíumálöt, nýmynduð	Blanda kalsíumálata sem inniheldur milli 35 og 51% Al ₂ O ₃ Hámarksbólýbdeninnihald: 20 mg/kg Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Alifuglar	—	—	20 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Kanínur	—	—	20 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Svín	—	—	20 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Mjólkurkýr	—	—	8 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Eldisnautgripir	—	—	8 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Kálfar	—	—	8 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Lömb	—	—	8 000	Allt fôður	Án tímamarka
			Kiðlingar	—	—	8 000	Allt fôður	Án tímamarka
E 599	Perlusteinn	Náttúrulegt natríum- og álsilikat, hitaþanið, án asbests Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka

Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni

3	Klínoptílólit úr gosmyndunum	Kalsíumhýdróálsilikat úr gosmyndunum sem inniheldur minnst 85% klínoptílólit og mest 15% feldspat, glimmer og leir og er laust við trefjar og kvars. Hámarksblýinnihald: 80 mg/kg Hámarksdíoxíninnihald ⁽¹⁾ :	Svín	—	—	20 000	Allt fôður	30.9.2000
			Kanínur	—	—	20 000	Allt fôður	30.9.2000
			Alifuglar	—	—	20 000	Allt fôður	30.9.2000

⁽¹⁾ Ef nákvæmt hámarks magn hefur ekki verið ákvarðað, og þess er þörf, sem er byggt á fullnægjandi gögnum um tilvist díoxíns skal hámarks magnið 500 µg WHO-PCCD/F-TEQ/kg gilda frá 1. mars 2000.

⁽²⁾ Díoxíninnihaldið er summa fjöklórðra díbensó-para-díoxína (PCDDS) og fjöklórðra díbensófúrana (PCDF) uppgæfið sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), þar sem styðjast ber við jafngildisstuðla WHO fyrir eitur frá 1977.

Innihaldið skal gefa upp sem efri styrkleikamörk sem eru reiknuð út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.